

L Ö G

um

7

31. maí.

veiting ríkisborgararjettar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararjettur veitist frá Ingeborg Stein-Bjarnason listmálaranema, fæddri í Sviss.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

um

8

31. maí.

viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Nú hefir maður fengið málmgrafterbrjef á svæði, sem ríkið hefir ekki látið gera uppdrátt af og enginn fullkominn uppdráttur er

8 til yfir, og er honum þá heimilt að fresta að senda lögreglustjóra beiðni um útmælingu þangað til ríkissjóður hefir látið gera slíkan uppdrátt af námusvæðinu eða uppdrátturinn er fenginn á annan hátt.

Áður ár er liðið frá því er uppdrátturinn var gerður samkvæmt 1. málgr. og allir eiga kost á að fá hann, skal sá, er málmgrafterbrjef hefir, hafa beiðst útmælingarinnar, að viðlögðum missi finnanda-rjettarins. Þegar slíkur uppdráttur er fyrir hendi, er lögreglustjóra heimilt að láta af hendi útmælingarbrjef eftir uppdrættinum, án þess að fara á staðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

9

31. maí.

L Ö G

um

uppkvaðningu dóma og úrskurða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kveða skal hinn reglulegi hjeraðsdómari upp dóma, bæði í einkamálum og opinberum málum, í skrifstofu sinni eða í þinghúsi heimilisþinghár sinnar, enda þótt utan þinghár sje, þar sem mál var flutt.